



Fundargerð stjórnar HSÍ

Fimmtudaginn 13. febrúar 2025



Sjöundi fundur 67. stjórnar HSÍ var haldinn í á skrifstofu HSÍ, fimmtudaginn 13. febrúar 2025 kl. 12.00.

Mætt voru: Guðmundur B. Ólafsson, Bjarni Ákason, Guðríður Guðjónsdóttir, Inga Lilja Lárusdóttir, Kristín Þórðardóttir, Kristján Gaukur Kristjánsson, Reynir Stefánsson og Sigurborg Kristinsdóttir. Róbert Geir Gíslason, framkvæmdarstóri HSÍ sat fundinn og ritaði fundargerð.

Forföll: Alfreð Örn Finnsson, Ólafur Örn Haraldsson, Páll Þórólfsson og Ragnar Lárus Kristjánsson.

Fjarverandi: Engin

Þetta gerðist:

1. Fundargerð síðasta fundar lögð fram til samþykktar
Fundargerð síðasta fundar var samþykkt.
2. Bráðarbirgðaruppgjör 2024
RG kynnti drög af uppgjöri 2024 en um 40 milljóna króna tap var á árinu.
3. Skýrsla framkvæmdastjóra og formanns
 - a. HM karla
RG fór yfir HM og uppgjör eftir mótið en mjög vel gekk gagnvart hópnum og nýir menn í starfsliði komu vel inn í teymið. Vonbrigðin mikil en liðið lék vel og sorglegt að það hafi ekki farið lengra.
 - b. Úthlutun afrekssjóðs
RG kynnti viðbótarúthlutun úr afrekssjóði. Stjórn lýsti yfir vonbrigðum með úthlutunina, sérstaklega með tilliti til þess að sérsamband sem greiðir leikmönnum sínum bónusa fái úthlutað úr sjóðnum. Nauðsynlegt er að halda áfram þrýstingi á ríkisvaldið og ÍSÍ.
Starfsmannamál HSÍ
Kjartan Vídó hefur sagt upp störfum og lætur hann af störfum í vor. Jafnframt voru rædd önnur starfsmannamál.
 - c. Skattamál íþróttahreyfingarinnar
Fundur vegna skattamála íþróttahreyfingarinnar var sl. mánudag þar sem farið var yfir leiðbeiningar frá Skattinum varðandi áhrif á íþróttir og fundurinn haldinn að frumkvæði ÍTF. Stjórn HSÍ var beðin um að tilnefna fulltrúa í vinnuhóp og er Páll Grétar Steingrímsson tilnefndur að hálfu HSÍ.
4. Ársþing HSÍ
Ársþing HSÍ verður 5. apríl og munu Guðmundur B. Ólafsson og Reynir Stefánsson ekki gefa kost á sér til áframhaldandi setu. Formannafundur var sl. fimmtudag og gekk hann vel.
5. Erindi frá leikmannasamtökum Íslands
Erindi barst frá leikmannasamtökum Íslands varðandi forsvarsmenn Harðar. Stjórn HSÍ ákvað að ekki væri tímabært að taka málið lengra að svo komnu máli.
6. Erindi frá Herði
Erindi barst frá Herði um undanþágu frá aldurstakmörkum venslaliða. Stjórn hafnar beiðninni.
7. Erindi frá HK
Bréf hefur borist frá HK varðandi niðurfellingu á sekt fyrir það að mæta ekki til leiks í 2. Deild karla. Stjórn HSÍ telur ekki tilefni til þess þar sem um mikið fordæmi væri um að ræða.



8. Fyrirlestur um kvennahandbolta

Stefnt er að fyrirlestri um kvennahandbolta um bikarúrslitahelgina og mun GBO og skrifstofan taka það mál áfram.

9. Breyting á reglugerð

Stjórn HSÍ samþykktu að breyta reglugerð um handknattleiksmót varðandi tæknifund og leikskýrslu.

10. Önnur mál

Fleira var ekki gert og var fundi slitið.

Róbert Geir Gíslason, fundarritari